



⇒ Samþykkt af
⇒ DLG
Eingöngu
mjólkur-
⇒ sýru-
myndandi
⇒ Ekki mjólkur-
sýru-
og ediksýru
⇒ Myndandi
Örvar fyrst og

Gæði gróffóðurs er lykilatriði í vel heppnuðum búskap – Ekki aðeins með tilliti til framleiðslu heldur einnig með tilliti til heilbrigði skepna. Íblöndunarefnið **harvest INTERNATIONAL® pH** stýrir gerjun með sértækum hætti og eykur með því gæði gróffóðurs.

harvest INTERNATIONAL® pH er samþykkt af DLG (þýsku landbúnaðarsamtökunum) og lúta árlegu eftirliti þess og hefur efnið verið samþykkt í DLG flokk 1 sem íblöndunarefni í hey með lágu þurrefnisinnihaldi (30-50%).

Plöntur innihalda mjólkursýrumyndandi örverur frá náttúrunnar hendi og er magn þessara örvera háð utanaðkomandi aðstæðum og er því afar breytilegt á milli hverrar uppskeru. Því er óvíst hvort að náttúrulegar mjólkursýrumyndandi örverur nái að hafa yfirhöndina í hinum mikla fjölda annara örvera og þá óvíst hvort að gerjunin heppnast eða ekki.

harvest INTERNATIONAL® pH inniheldur bakteríur sem að mynda eingöngu mjólkursýru (homofermentative) en ekki mjólkur- og ediksýru (heterofermentative) og örva þannig fyrst og fremst gerjun og ekki myndast gas. Markmiðið er að mynda mjólkursýru hratt til að lækka sýrustigið sem hraðast. Því hraðar sem að sýrustigið fellur, því hraðar stöðvast óæskileg örveruvirkni í heynu og minna af næringarefnum tapast. Meira af þurrefni verður til staðar, sérstaklega mikilvæg næringarefni eins og sykur og prótín. Bætt gerjun varðveitir næringarefni og eykur bæði lystug- og meltanleika.

Bakteríurnar sem notaðar eru í **harvest INTERNATIONAL® pH** sinna sínu hlutverki afar vel og nota einnig afar lítið af sykri í ferlinu og því viðhelst lystugleikinn og bætir þar með át.